

Um að pissa í skóinn sinn. Nýja draumlandið og efnahagsstríðið gegn Rússlandi

Hin herskía Skagamær og utanríkisráðherra Íslendinga, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, sagði sauðsvörtum almúga Íslands, að nú skyldu Rússar komast að því, hvar Davíð keypti ölið. Efnahagslegt stríð Íslendinga og annarra Evrópuþjóða yrði Rússum svo háskalegt, að þeir myndu snauta úr Úkraínu með skottið milli lappanna og biðjast vægðar – svo máttug væru Vesturlönd.

En viturt fólk og sáttfúst benti á aðrar leiðir til að koma vitinu fyrir Rússa og varaði við því, að efnahagsstríð, með áframhaldandi hernaðaraðstoð til Úkraínumanna, yrði sem olía á eld, og yki líkur á því, að stríðsaðgerðir Rússa færu úr böndunum. Það myndi leiða til frekari hörmunga fyrir Úkraínumenn og yki hættu á stórstyrjöld. Það var einnig á það bent, að efnahagsstríð myndi koma allri álfunni í enn hættulegra uppnám, þ.e. til viðbótar veiruvitfirringunni.

Það er algild reynsla, að viðskiptabönn komi helst niður á þeim, er síst skyldi. Sem dæmi má nefna Íran og Írak. Þar leiddi viðskiptabann Vesturlanda til ólýsanlegra hörmunga fyrir almenning. Tilgangur Vesturlanda – stundum yfirlýstur - er að stuðla að uppreisn gegn yfirvöldum í Rússlandi og knýja fram stjórnarbyltingu. Stuldur og/eða kyrretning á gjaldeyrisvaraforða ríkisstjórna – einkum í dölum eða pundum - á að þjóna sama tilgangi.

Öðru máli gildir um auðsöfnun og fjármálaumsvif auðvalda (oligarch) Rússlands. Vladimir Putin og fyrrverandi eiginkona eru þar meðtalin. Þau ber að rannsaka. Þar eru þjófar og þjófsnautar í hrönnum. Þeir ráðskast með fjármuni rússnesku þjóðanna. En hví þarf innrás í Úkraínu til? Og hví eru auðvaldar Úkraínu undanskildir?

Nú skal sem sé aftur reyna að fjarlægja Vladimir Putin og félag hans, auðvaldanna, sem Rússlandi ráða, með efnahagsstríði. Með hliðsjón af reynslunni af fyrri viðskiptaþvingunum gegn Rússneska ríkjasambandinu, Íran og Írak, eru varla miklar líkur á því, að það takist. Vesturlönd eru fákæn. Aðgerðirnar endurspeglar fjörbrot heimsvelda, „Sameinaðra nýlenduvelda Evrópu“ og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Efnahagsstríðið hraðar einungis þeirri breytingu, sem á sér stað í veröldinni. Hernaðarleg og efnahagsleg yfirráð Bandaríkjanna, heimsvaldastefna þeirra, er á hverfanda hveli, rétt eins og þess breska. Gildi gjaldmiðils þeirra, dalsins, fer þverrandi, sérstaklega eftir að trúustu bandamenn þeirra í Miðausturlöndum, Sádí-Arabar, skiptu um hest í miðju vaði og vilja eiga viðskipti í kínverska gjaldmiðlinum, jeni. Hrynji gildi olíudalsins (petro dollar) missa Bandaríkjamenn allt niður um sig.

Hásri heimsveldisröddu hótar Joseph Biden Kínverjum og Indverjum meira að segja efnahagsstríði, styðji þeir ekki efnahagslegt árásarstríð þeirra og Vesturveldanna gegn Rússum. Samtímis stíga þeir í vænginn við erkifjandann, Írani, sem þeir hafa gert marga skráveifuna. Þeir ágirnast olíuauð Írana eins og Vesturveldin hafa lengi gert, sérstaklega Bretar og Bandaríkjamenn. En þar hittir skrattinn fyrir ömmu sína.

Því miður eru vísbendingar um, að Vesturveldin gætu verið að fremja efnahagslegt sjálfsvíg. T.d. snarhækkar eldsneyti í verði. Stétt flutningabílstjóra í Evrópu mótmælir um þessar mundir háu eldsneytisverði rétt eins og kanadískir starfsbræður (og líklega nokkrar -systur) mótmæltu smitvarnagerrræði stjórnvalda. Á Spáni andæfa þeir harðvítugt.

Um leið og flutningar stöðvast, fækkar vörum í hillum verslana. Aukinn framleiðslukostnaður þýðir hækkandi vöruverð, aukna verðbólgu, gjaldþrot og svo framvegis, meira að segja á Íslandi í vígi herskáu Skagamærinnar.

Ætli utanríkisráðherra vor hafi sett sig inn í kenningar og áætlanir formannsins, Klaus Schwab, og félaga í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) um allsherjar ringulreið og upplausn í veröldinni, svo endurræsa megi hina nýju, fögru veröld, á grundvelli sjálfbærni- og þróunarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (sustainable development goals), þ.e. að binda enda á óhóflega fátækt, minnka ójöfnuð og vernda jörðina (planet). (Þórdís Kolbrún og Katrín gætu leiðst inn á næstu samkomu.)

Grundvallarhugmyndin er græn, þ.e. að vernda jörðina fyrir ofhitun og ofræktun og átroðningi mannkyns. Því ber að fækka fólki. Alheimsríkisstjórnin sér til þess, að eftirlifendum séu jafnt skömmtuð lífsins gæði, samkvæmt skilgreiningum hennar og stöðugu eftirliti. Heilsa eftirlifenda verður tryggð með bólusetningum og hegðun með skynsemisforriti.

Þetta er reyndar sama grundvallarfyrirkomulag og í gamla draumalandinu, þar sem sólin í austrinu rís, innleitt með vopnavaldi og öðru ofbeldi, öreigafrelsið, alræði öreiganna, stjórnað af úrvalshópi gáfumanna.

Svo það er óneitanlega til nokkurs að hlakka í veirufári og stríðssorg.

<https://www.nakedcapitalism.com/2022/03/spanish-industry-begins-grinding-to-halt-after-four-day-nationwide-truckers-strike.html>

<https://steigan.no/2022/03/deler-av-den-spanske-okonomien-stopper-opp-etter-fem-dagers-landsomfattende-lastebilstreik/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/21/dr-vernon-coleman-us-manipulated-russia-ukraine-war/>

<https://steigan.no/2022/03/sanksjoner-er-et-krigsvapen-og-det-rammer-forst-og-fremst-de-fattigste-og-mest-utsatte/>

<https://www.thelocal.es/20220318/spanish-truck-drivers-strike-continues-as-food-shortages-hit-consumers/>

<https://steigan.no/2022/03/russlands-okonomi-ikke-sa-sarbar-som-vesten-onsker-seg-okonomer-tror-ikke-pa-statskonkurs/>

<https://apnews.com/article/business-europe-spain-d1da052d52c64f2e5e2ee18ccdfdc7bd>

<https://www.reuters.com/business/energy/truckers-strike-spain-disrupts-food-industry-2022-03-17/>

<https://jalopnik.com/the-truckers-strike-phenomenon-moves-to-spain-1848672725>